

## 4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m <sup>3</sup>	101 422 kr.
300– 2 000 m <sup>3</sup>	101 422 kr. fyrir 300 m <sup>3</sup> og 93 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000– 6 000 m <sup>3</sup>	259 855 kr. fyrir 2 000 m <sup>3</sup> og 74 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6 000–10 000 m <sup>3</sup>	555 895 kr. fyrir 6 000 m <sup>3</sup> og 60 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10 000 m <sup>3</sup>	797 112 kr. fyrir 10 000 m <sup>3</sup> og 52 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er . . . . . kr. 10 366,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. september 1991 186,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

## 5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fellt eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 20, 16. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

Steinunn Bjarman.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 518, 20. desember 1990, með síðari breytingum:  
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 0,62%

*Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

Steinunn Bjarman.